# ✉️ Re: Ósk um umsögn – lýsing að deiliskipulagi

| | |
|---|---|
| Búið til | 7.3.2023 15:10:22 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 7.3.2023 15:10:18 |
| Tilheyrir | 202302-0043 - Frístundabyggð Flókagötu í landi Munaðarness – skipulagslýsing - ósk um umsögn |

---

## Efni

Re: Ósk um umsögn – lýsing að deiliskipulagi

## Upplýsingar / Vinnsla

| Upplýsingar | | Vinnsla | |
|---|---|---|---|
| Sent | 7.3.2023 15:10:18 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42.3 Umsagnir um skipulagstillögur | | |
| Lykilorð | | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | skipulag@borgarbyggd.is |
| Cc | eydis.l.finnbogadottir@ni.is |
| Bcc | Anna.Sveinsdottir@ni.is |

## Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202302-0043 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar, dags. 21. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu að nýju deiliskipulagi fyrir frístundabyggð við Flókagötu í landi Munaðarness.

Um er að ræða fjölgun á lóðum innan skilgreinds frístundasvæðis og stækkun lóða. Fram kemur í greinargerð að skipulagsáformin munu einkum hafa áhrif á birkikjarr og votlendisvistgerðir sem þegar er búið að raska með framræslu. Svæðið er undir hverfisvernd fyrir birkikjarr. Ítarlega er greint frá náttúrufari svæðisins í greinargerð deiliskipulagstillögunnar.

Ekki er um stóra breytingu að ræða, enda einungis fjölgun um sex lóðir. Almennt er þó með fjölgun frístundalóða óneitanlega gengið á náttúrufar svæðisins m.a. vistgerðir með hátt verndargildi eins og skóg- og votlendisvistgerðir. Huga þarf vandlega að vali á nýjum frístundasvæðum/lóðum og þá er betra að lóðir séu valdar nálægt núverandi frístundabyggðum eins og á við um hér, frekar en að brjóta nýtt land undir ný

frístundasvæði. Jákvætt er að við val á staðsetningu nýrra lóða var m.a. horft til þess að hlífa votlendisvistgerðum með háu verndargildi. Þá eru skýr markmið um að hlífa birkikjarri eins mikið og mögulegt er við framkvæmdir sem fylgja deiliskipulaginu. Mikilvægt er að því sé fylgt eftir.

Náttúrufræðistofnun hvetur til þess að metið sé hvernig bæta megi upp votlendi sem er raskað með því að endurheimta votlendissvæði annars staðar í sveitarfélaginu þar sem tækifæri eru til þess.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection
.....................................................................................................
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (http://www.ni.is/)

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Skipulagsfulltrúinn" <skipulag@borgarbyggd.is>
**To:** "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurdsson@ni.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
**CC:**
**Subject:** Ósk um umsögn – lýsing að deiliskipulagi
**Date:** 21.2.2023 14:54:56

Góðan dag
Efni: **Frístundabyggð Flókagötu í landi Munaðarness** – skipulagslýsing
**Varðar umsögn um lýsingu að nýju deiliskipulagi í Borgarbyggð sbr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Skipulags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti þann 3. febrúar 2023 að auglýsa lýsingu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð Flókagötu í landi Munaðarness í Borgarbyggð.

Umsagnafrestur er til og með **9. mars 2023**.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar veitir fúslega nánari upplýsingar verði þess óskað.
Hægt er að senda tölvupóst á skipulag@borgarbyggd.is (mailto:skipulag@borgarbyggd.is) eða hringja í síma 433 7100.

Meðfylgjandi:
Ósk um umsögn dags. 21.02.2023
Skipulagslýsing dags. 23.11.2022 – gögn á heimasíðu, tengill Skipulagsauglýsingar | Borgarbyggð (borgarbyggd.is) (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.borgarbyggd.is%2Fis%2Fthjonusta%2Fskipulagsmal%2Fskipulagsauglysingar%2Fflokagata-munadarnesi&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cd4bb8c4ebc9c4cd2fee208db141b8820%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638125880963295024%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C2000%7C%7C%7C&sdata=%2BQGkG0nJ%2FOhfRDQ1UN6cKQiKG2SRaDQ2GTRFBh8HW0w%3D&reserved=0)

**Bestu kveðjur / Best regards**
Þóra Margrét Júlíusdóttir
Verkefnastjóri skipulagsmála
+354 433-7100
skipulag@borgarbyggd.is (mailto:skipulag@borgarbyggd.is) / www.borgarbyggd.is (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.borgarbyggd.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cd4bb8c4ebc9c4cd2fee208db141b8820%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638125880963295024%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C2000%7C%7C%7C&sdata=CNk0fWnzUBjI4X0XkA3r3qcQgUxIJ1mkheketTolPn8%3D&reserved=0)
www.facebook.com/borgarbyggd (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.facebook.com%2Fborgarbyggd&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cd4bb8c4ebc9c4cd2fee208db141b8820%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638125880963295024%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C2000%7C%7C%7C&sdata=bvytgyd%2FlKmURhC1oJoGKjPZIsChoPQQAtsRE7J71Ek%3D&reserved=0)
www.borgarbyggd.is/is/fyrirvari (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.borgarbyggd.is%2Fis%2Ffyrirvari&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cd4bb8c4ebc9c4cd2fee208db141b8820%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638125880963295024%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C2000%7C%7C%7C&sdata=BzD5I5nc4x%2FSKBbvsZB4NSI9oyYEDcjREVclDb%2BGvpc%3D&reserved=0)